



REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Hólaskóli – Háskólinn á Hólum¹

Kennitala: 500169-4359

Aðsetur: Hof í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur

Rekstrarleyfisnúmer: FE-1150

Leyfið gildir til: 4.12.2036

Starfsemi:

AE 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus

Í gildi frá:

4.12.2020

SS 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus

4.12.2020

Landeldi. Hámarks lífmassi 600 t. Seiðaeldi og matfiskeldi. Bleikja: Hólar

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldis dýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Andri Snær Þorsteinsson



Andri Snær Þorsteinsson, sérfræðingur fiskeldisdeilda

Prentað: 16.2.2023

#0004064

¹Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir FISK SeaFood ehf. Rekstrarleyfið hefur verið framseitt á nýjan rekstrarlöðilaði sín. heilmild 1.17. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.